## FYRIR



1:2000 NÚVERANDI DEILISKIPULAG SAMÞYKKT AF SKIPULAGSRÁÐI REYKJAVÍKUR ÞANN 7. OKT. 2010

## EFTIR



1:2000 TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

VIÐHENGI:

### GREINARGERÐ:

Í gildi er deiliskipulag Austurhafnar samþykkt í borgarráði 18. maí 2006, með síðari breytingum samþykktum 15.11.2006 og 7.10.2010. Með þessari deiliskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir að reitur 12 fyrir skilti verði færður til austurs að mótum Sæbrautar og Kalkofnsvegar.

### GILDANDI SKILMÁLAR FYRIR BREYTINGU:

Byggingareitur sem merktur er 12 á deiliskipulagsuppdrætti er fyrir skilti vegna tónlistar- og ráðstefnuhúss. Hámarkshæð skiltisins er kóti +10. Allir hlutar skiltisins og undirstöður þess skulu rúmast innan byggingarreits.

### SKILMÁLAR EFTIR BREYTINGU:

Reitur skiltis sem merktur er 12 á deiliskipulagsuppdrætti er fyrir skilti vegna Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Reiturinn er færður frá núverandi stað á nýjan stað vestan gatnamóta Sæbrautar og innkeyrslu í bílgeymslu Hörpu. Ákveða skal nákvæma staðsetningu þess í samráði við samgöngudeild Reykjavíkurborgar. Reiturinn er á borgarlandi. Sækja skal um byggingarleyfi fyrir skiltinu í samræmi við þessa skilmála.

Stærð reitsins er óbreytt, 9 x 14 metrar eða 126 m². Allir hlutar skiltisins skulu rúmast innan byggingarreitsins. Undirstöður mega þó ná lítils háttar út fyrir reitinn og vera t.d. þríhyrndar í laginu svo framarlega sem flatarmál þeirra verði ekki meira en 126 m² og að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir.

Gerðar eru miklar kröfur um útlit skiltisins og skal yfirbragð þess vera einfalt, stílhreint, bæði varðandi efnisval, yfirbragð, liti og form. Efni burðarvirkis og skiltið sjálft þarf að vera úr vönduðu og varanlegu efni sem þolir vel álag veðurs og nálægðar við mikla umferðargötu. Skiltaflötur skal vera sambærilegur til allra átta og verði því hvorki framhlið né bakhlið á skiltinu.

Á skiltinu er eingöngu heimilt að birta kynningar á viðburðum tengdum Hörpu tónlistar og ráðstefnuhúsi. Heimilt er að koma fyrir hógværri lýsingu á skiltið. Ekki er heimilt að vera með flettiskilti, ljósaskilti né hreyfanlegt skilti.

Hámarkshæð skiltis yfir sjávarmáli er í kóta K +10 m.y.s. eða 5 metra yfir götuhæð. Leitast skal við að halda stærð skiltis í lágmarki. Í samræmi við skipulagsreglugerð 5.3.2.4. gr. skulu upplýsingar- og auglýsingaskilti ekki hafa truflandi áhrif á umferð svo sem vegna stærðar, lýsingar eða ásýndar.

Á grunni skiltisins skal ganga vel frá landinu, til dæmis að tyrfa plattann (undirstöðu) sem skiltið stendur á eða setja runnagróður eða sjávargrjót umhverfis skiltið. Sýna skal þennan frágang á byggingarleyfisumsókn.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.
Stefna um landnotkun Austurhafnar

- SKIPULAGSMÖRK
- LÓÐAMÖRK
- VERSLANIR OG ÞJÓNUSTA Á JARÐHÆÐ
- STOFNSTÍGUR KVÖÐ UM GÖNGULEIÐ
- BYGGINGARREITUR
- GÖNGUGATA
- TORG
- FJARLÆGÐ HÚS
- BYGGÐ
- INNSKOT Í FRAMHLIÐ
- BÍLASTÆÐI
- HAFNARSVÆÐI
- HÆGAKSTURSSVÆÐI
- BYGGINGARREITUR FYRIR TR SKILTI
- AÐKOMA BÍLASTÆÐAKJALLARA
- STAÐSETNING SPENNUSTÖÐVA - NEÐANJARÐAR
- STOPPISTÖÐ STRÆTISVAGNA

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í Borgarráði þann 2. maí 2013 og
á embættisafgr. skipulagsfulltr. þann 28. júní 2013

Tillagan var auglýst frá 10. maí 2013
með athugasemdafresti til 28. júní 2013

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild
Stjórnartíðinda þann ________ 20__.

Björn Axelsson

A / 18.07.2010 / SV / Breytingar í skýringartexta og teikningarhaus, skygging hjólastígs, auk umhverfisskýrslu Nr. 0525-umhverfisskýrsla docx., dags. í júlí 2010.
B / 05.10.2010 / SV / Rútubílastæðum við Faxagötu fjölgað úr fimm í sex
C / 17.04.2013 / IÞ / Reitur 12 færður til austurs og skipulagsreitur stækkaður.
Útgáfa / Dagsetning / Teiknari / Breyting

REYKJAVÍKURBORG
SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ

**AUSTURHÖFN**
**UPPDRÁTTUR - DEILISKIPULAGBREYTING**

DEILISKIPULAGSBREYTING AUSTURHÖFN

MKV.: 1:1000 / 1.2000
DAGS: DAGS.:14.12.2009
TEIKNAÐ: AMT / SV
SKRÁ: 0525-G1.dwg

**0525 - 01**

BATTERÍIÐ ARKITEKTAR
Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, S: 54 54 700
batteri@arkitekt.is www.arkitekt.is

BATTERÍIÐ | ARKITEKTAR